

Miðvikudaginn 18. mars, 2009 - Viðskiptafréttir

Kröfuhafar eignast Straum



Straumur Veðsettur Íslandsbanka.

Eftir Þorbjörn Þórðarson thorbjorn@mbl.is ERLENDIR kröfuhafar Straums munu taka bankann yfir innan skamms þegar endanlega verður leyst úr málefnum innistæðueigenda, samkvæmt upplýsingum Morgunblaðsins.

Eftir Þorbjörn Þórðarson

thorbjorn@mbl.is

ERLENDIR kröfuhafar Straums munu taka bankann yfir innan skamms þegar endanlega verður leyst úr málefnum innistæðueigenda, samkvæmt upplýsingum Morgunblaðsins. Í kjölfarið mun skilanevnd Straums láta af störfum og bankinn verður alfarið í eigu kröfuhafanna.

Innlánin til Íslandsbanka

Í gærkvöldi birti Fjármálaeftirlitið ákvörðun um að innlán sem voru í höfuðstöðvum Straums myndu færast til Íslandsbanka og gefur Straumur út sérstakt skuldabréf sem endurgjald fyrir hin yfirteknu innlán og er það tryggt með veði í öllum eignum Straums. Heildarfjárhæð innlána hjá Straumi nam 70 milljörðum. Íslandsbanki mun þó ekki yfirtaka þau innlán sem stofnað var til þegar skuldabréfum var breytt í innlán. Í ákvörðun FME kemur fram að „talsverður hluti“ innlána hjá Straumi hafi orðið til með þessum hætti.

Lífeyrissjóðirnir úti

Eins og Morgunblaðið greindi frá í síðustu viku áttu Lífeyrissjóðirnir stórar innistæður sem urðu til þegar skuldabréfum var breytt í innlán hjá Straumi seint á síðasta ári. Innlán lífeyrissjóðanna færast því ekki til Íslandsbanka. Í lögfræðialiti sem FME aflaði sér kemur fram að lítill vafi leiki á því að samningar vegna breytinga á skuldabréfum í innlán kunni að vera riftanlegir við gjaldprot eða nauðasamning. Því þurfi að meðhöndla þessi innlán sérstaklega. Straumur tók í gær yfir 33,4% hlut í Sjóvá-Almennum tryggingum (Sjóvá) sem veðsettur var félaginu. Í tilkynningu frá Straumi segir að daglegur rekstur Sjóvá muni ekki verða fyrir áhrifum vegna þessa.

Eins og Morgunblaðið greindi frá í síðustu viku var gengið frá áætlun um að öllum eignum sem eftir eru í Milestone, sem átti Sjóvá, yrði rennt inn í Sjóvá og fyrirtækið yrði eftir það allt að 70 prósentum í eigu skilanevndar Glitnis. Var gert ráð fyrir því að afgangurinn yrði í eigu annarra kröfuhafa og þar af yrði Straumur með stærstan hlut. Núna liggur fyrir að þessi eignarhlutur verður 33,4%.